

# Skólaráð

---

Skólaráð 16.06.2011

**Mættir:** María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Bjarney Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, Hrefna Nelly Ragnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra og Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra.

**1. Starfsmannamálin:**

Íris Svavarsdóttir hefur verið ráðin íþróttakennari, enn óráðið í starf náms- og starfsráðgjafa en Karen Guðmundsdóttir er í fæðingarorlofi og Elísa Ingólfsdóttir er í leyfi næsta vetur og mun starfa hjá félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

**2. Viðmiðunarstundaskráin:**

Farið yfir viðmiðunarstundaskrána. Rætt um tónmenntakennslu. Umræða um tímafjölda. Ákveðið að leggja plaggið formlega fyrir í haust þegar skólaráð er fullskipað og skólanámskráin yfirfarin.

**3. Skipulag næsta vetrar:**

Breytt tímaskipulag, allir byrja á sama tíma kl. 8:10. Rætt um frímínútur þar sem allir eru nú úti í fyrstu frímínútum á sama tíma. 5. bekkir verða á öðru svæði. Rætt um skólavini, eldri nemendur sem hægt er að leita til. Nýr umsjónarmaður fasteigna verður Gunnar Eyjólfsson. Flutningur á heilsdagsskólanum á efri hæð íþóttahúss stendur yfir. Enn er óljóst um fyrirkomulag heilsdagsskólans næsta vetur.

**4. Önnur mál:**

- a) Ítrekað að skertir dagar séu með einhvern tilgang og lestrarpróf séu ekki ein og sér á prófdegi. Það rýri viðhorf til vorstarfsins.
- b) Bjarneyju Sigurðardóttur, fráfaraandi fulltrúa kennara þökkuð góð störf með skólaráði.

Fundargerð ritaði Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri.